



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Kristjáns Eldjárn  
1. janúar 1977

Góðir áheyrendur.

Um áramót eru menn oft á það minntir að þau séu tími reikningsskila. Þá gera menn upp ársreikninga sína og margir reyna að gera upp hug sinn um höpp og slys liðins árs og vonast til að geta dregið af slíku lærdóma sem að gagni mega koma á því ári sem í hönd fer. Og menn spyrja spurninga: Hvernig er ég staddur með líf mitt á þessum tímamótum? Og land mitt og þjóð, spyrja aðrir, þetta samfélag sem ég er borinn til, hvernig er það á vegi stöðugt? Eða mannkynið allt? Hvað mun veröldin vilja, hún veltist um svo fast, kvað Skáld-Sveinn forðum, einn af mörgum gagnrýnendum aldarfarsins, sem ævinlega rísa upp öðru hverju og hrópa vei vei.

Slíkar og þvílíkar spurningar eru varla til þess fallnar að gera mönnum létt í skapi. Margir virtir menn eru uggandi um framtíð mannkynsins. Því veldur margt og þó ekki síst hið mikla djúp milli örbrigðar og ofgnóttar, þjáningar milljóna manna í fátæktarheiminum annars vegar, en hins vegar vígbúnaður ríkja og völdugra þjóða, svo ofboðslegur að nær yfirtengur mannlegan skilning. Hingað kom fyrir skemmstu merkur maður sem fékk friðarverðlaun Nóbels 1974. Í ræðu við það tækifæri sagði hann að þá væru til í heiminum kjarnavopn sem nægðu til að tortíma öllu lífi á jörðinni tuttugu sinnum. Ekki hefur sá ófögnuður minnkað síðan, og ekki var þessi reyndi og ábyrgi maður trúður á að þessi dómsdagsvopn, sem hann svo kallar, mundu kyrr liggja og ónotuð um aldur og ævi.

Hvaða andsvar er til við slíkum firnum og ódæmum? Hvað getum vér Íslendingar sagt eða gert, fámenn þjóð og lítils megnug? Andspænis neyð og þjáningum manna í öðrum heimshlutum sæmir oss það eitt að hlýða kalli til liðs við málstað réttlætisins með virkri hjálp eftir getu vorri og með atkvæði voru á alþjóðavettvangi. Á sama hátt getum vér léð atfylgi vort hverri tillögu sem fram er borin með friði og gegn stríði. En viðbrögðin við þeim röddum sem spá mannkyninu dauða eru einfaldlega þau að búa sig af kappi undir líf, svo þversagnarkennt sem það kann að hljóma. Það er eigi að síður samkvæmt heilbrigðu mannlegu eðli. Nýársdagur er hátíðisdagur og bendir fram á veg, dagur gleði og vonar. Vér munum á þessum nýársdegi gleðjast við góðar minningar liðins árs og hugsa með vongleði til þess sem nú gengur í garð. Vér eigum enn sem fyrri verk að vinna, mark að keppa að. Vér munum heilsa ári með bjartsýni en hafna bölmóði, fagna því sem unnist hefur og í hag gengið og taka síðan til óspilltra málanna við það sem er hálfgert, vangert eða ógert.

Ekki má það gleymast í ærustu daganna að árið 1976 var sigurár, nýtt ártal handa íslensku skólaæsku að leggja á minnið, eins og árið sem verslunaránaud var létt af þjóðinni eða þegar landið fékk heimastjórn eða þegar Íslendingar urðu fullvalda þjóð. Það mun verða kallað árið sem vér fengum óskoruð yfirráð yfir

fiskimiðunum á landgrunninu. Þeir íslenskir varðskipamenn, sem horfðu á bresku siglutoppa hverfa við hafsbrún hinn fyrsta desember síðastliðinn, urðu vitni að miklu sögulegu sjónarspili. Engir voru betur að því komnir en þeir, því að þætti landhelgisgæslunnar í þessu íslenska þrjátíu ára stríði eða vel það verður með hófsamlegum orðum svo lýst að hann hafi verið með sæmd og þryði. Einu sinni var orðið sægarpur meira notað í máli voru en verið hefur um sinn. Nú er tími til að bera sér þetta gamla orð í munn, þegar íslenskum landhelgisgæslumönnum eru færðar skyldugar þakkir, án þess þó að því sé gleymt að fleira þarf en góða sjómenn til að vinna íslenskt þorskastríð. Fleiri en þeir hafa þurft að sigla krappan sjó og stýra milli skers og báru í baráttu Íslendinga fyrir þeim sigri sem vér hrósum, enda skal nú öllum þakkað, sem traustir stóðu hver á sínum rétta stað, bæði á sjó og landi.

Föðurland vort hálf er hafið  
helgað margri feðra dáð  
þangað lífsbjörg þjóðin sótti  
þar mun verða stríðið háð,

kvað Jón Magnússon fyrir löngu. Þetta hljómar næstum því eins og spásögn nú, þegar atburðir síðustu ára eru hafðir í huga. Líklega hefur þó skáldið verið að hugsa um lífsstríðið, hina aldalöngu og ævarandi nauðsyn Íslendinga að sækja björg sína í greipar harðskeyttra náttúruafla. Nú er vonandi svo komið að sjósókn á íslenskum fiskimiðum þurfi aldrei framar að jafna við stríð í einum eða neinum skilningi. Nú er ekki stríð fyrir höndum, heldur fyrirhyggjusöm ráðsmennska, ráðdeildarsöm nýting bjargræðislandanna í hinni nýju fiskveiðilögsögu. Engum hefur dulist hve heilladrjúgan þátt íslenskir vísindamenn á sviði fiskifræði og haffræði hafa átt í öllum málflutningi vorum á undanförmum árum. Það er starfi þeirra að þakka hversu ört skilningur manna á háska rányrkjunnar hefur vaxið á allra síðustu tíð, svo og hvað gera þarf til að bæggja voðanum frá. Héðan í frá verður að líta á íslenska fiskiveiðilögsögu sem einn stóran akur. Í fornum sögum er sagt frá akri sem kallaður var Vitaðsgjafi og var að sögn aldrei ófær. Nú er að vísu einnig sagt í fornum spekímálum að veður ræður akri, og vel má það vera að höfuðskepnurnar sjálfar eigi eftir að láta til sín taka á einhvern þann hátt sem nútíma vísindamenn hafa aldrei séð með eigin augum. En hafi nokkurn tíma verið til sá akur sem aldrei var ófær, þá hefur það verið vegna þess að umönnun hans var í höndum manna sem af brjóstviti skildu þau lögmál líffræði og vistfræði, sem nútímavísindi reyna nú að fá mannkynið til að beygja sig fyrir. Hvað sem yfir kann að dynja á hinum mikla Vitaðsgjafa sjávarins er alveg víst að gæslu hans verður hagað í samræmi við fyrrisögn vísindamanna. Með því eina móti verður hann, ef ekki sífrær, þá að minnsta kosti eins frær og verða má á hverri tíð.

Oft er þess getið með nokkru stolti að frumkvæði Íslendinga virðist hafa flýtt fyrir þeirri þróun sem nú er fram komin í hafréttarmálum. Ekkert mælir því í gegn að á sama hátt getum vér undir leiðsögn íslenskra fiskifræðinga orðið öðrum til fyrirmyndar um fiskvernd, forustumenn um að vernda og ávaxta eitt af matforðabúrum veraldar. Slíkt væri í þágu sjálfra vor, en einnig má líta það í heimsljósi. Hungursneyð ríkir víða í heimi og fer síst minnkandi. Matvælaframleiðsla ætti að vera talinn göfugur atvinnuvegur. Þegar vér skoðum hug vörn í hreinskilni hljótum vér að viðurkenna að vér leggjum of lítið fram af gnægtum vorum til líknar og hjálpar hrjáðu fólki í örbirgðarheiminum. En þótt

hvorki sé að þakka dyggð né hugsjón af vorri hálfu, megum vér hrósa því happi að þurfa ekki að lifa á að framleiða neitt sem til drápstækja heyrir, vopn eða eitur, ekkert sem gerir veröldina verri en hún þó er.

Það lætur að líkum að oss sé þetta umræðuefni hugleikið um þessar mundir. „Föðurland vort hálf er hafið“. En að fleiru er að hyggja og að fleiru er hugað sem betur fer og kappsamlega unnið að verkefnum sem til framtíðar horfa. Margt þarf búið við enn sem fyrri, og ég leyfði mér að segja að vér hefðum mark að keppa að. Í áramótaávarpi klykkti ég eitt sinn út með því að vitna til orða Guðmundar heitins Finnbogasonar, sem hann ritaði fyrir meira en hálfri öld. Sum orð þola að vitnað sé til þeirra hvað eftir annað: „Markmið vort verður að vera það,“ sagði dr. Guðmundur, „að þjóðin eflist sem best af landinu og landið af þjóðinni, en menningin af hvoru tveggja.“ Þessi gömlu orð verða naumast betur úr garði gerð sem einkunnarorð. Markorðin þrjú, land, þjóð og menning, eru að vísu slík að milli þeirra liggja ótal þræðir sem tæplega verða sundur raktir. En hér er verið að tala um grunnmúrinn sem líf vort byggist á, og svo það hús sem á grunninum skal standa, menningu þjóðarinnar.

Vera má að sá andans og hugsjónanna maður kenndur við aldamót sem færði fyrrgreind orð í búning hafi haft það í huga að þjóðin skyldi eflast við tign og fegurð landsins, sækja andlegan og siðferðilegan styrk í mikilfenglega náttúru þess, eld þess og ís, hörku þess og mildi og vilja til sjálfstæðis og sjálfsbjargar í þær minningar sem það geymir um gengnar kynslóðir fedra og mæðra. Sá sannleikur er enn í góðu gildi. En í orðunum felst einnig það sem nú er prédikað dögum oftar og ég hef sjálfur sagt í þessari andrú: að oss beri skylda og nauðsyn til að sýna landinu og hafinu sem er hluti þess fulla nærgætni, standa vörð um hreinleik þess, efla lífsmögn þess og græða gömul sár þess. Því að til landsins sækjum vér daglegt brauð vort, í gögn þess og gæði sem ætíð var kallað svo áður fyrr en nú auðlindir að erlendri fyrirmynd sem vel er viðhlítandi. Andans maðurinn var einnig manna skyggjastur á gildi verkvitsins, á kunnáttu til verka, skynsamlegra vinnubragða. Þá ber oss aftur að sama garði og fyrr. Auðlindir landsins verða ekki nýttar til eflingar því fólki sem byggir það nema með ráðsmennsku sem tekur mið af vísindalegri rannsókn. Án þess er í rauninni ekki um neitt verksvit í nútíma skilningi að ræða. Og þá er það gleðiefni að vér eigum þegar á að skipa hópi ágættra vísindamanna sem kanna afl og eðli landsins á sinn hátt eins og líffræðingarnir rannsaka leyndardóma hafsins. Á komandi ári og árum munum vér sjá æ betur að ekkert má til spara um menntun og skilyrði þeirra vísinda- og fræðimanna á öllum sviðum þjóðlífsins, sem eiga að hafa verksvit fyrir þjóðinni til eflingar landinu og um leið henni sjálfri.

Upp af samverkandi eflingu lands og þjóðar á menningin að rísa. En menning er margrætt hugtak og þetta orð er því varhugavert og oft misnotað, bæði viljandi og óviljandi. Ég kom í sumar í nokkur kaupún og sjávarpláss og sá að víðast hvar var búið að malbika eða olíubera margar götur sem ég þekkti fyrrum sem forarvilpur og aumustu torfæruvegi í samanlögðu vegakerfi landsins. Þarna hafði þá gerst eins konar menningarbylting, aldahvörf í umhverfis- og umgengnismenningu. Og þessu fylgdu aðrir glaðir og hýrlegir drættir í svipmóti þessara staða, sjálfstraust og vongleði að ég hygg, vongleði vaxandi staða, þar sem æskan vill setjast að á feðraslóðum og fara hvergi. Þetta og annað eins má sannarlega kalla menningarauka. Ég er viss um að Guðmundur Finnbogason hefði verið fljótur að sjá sambandið milli malbiks og menningar. Þó má vera að hann hafi í orðum sínum einkum átt við það sem kallað er æðri menning, vísindi, listir og bókmenntir,

varðveislu og ávöxtun menningararfsins. Hér er víst efni í langa ræðu, en í stuttu máli sagt mætti svo virðast að í þessum efnum sé haldið sæmilega í horfinu. Áhugi á myndlist og tónlist virðist greinilega vera vaxandi hér á landi og þessar listir eru orðnar miklu snarari þáttur í þjóðlífinu en var fyrir skemmstu. Og áhugi á bókmenntum eða að minnsta kosti bókum er samur við sig vor á meðal. Sagt er að út hafi komið um 300 bækur fyrir síðastliðin jól. Það segir að vísu ekki aðra sögu en þá að bókafrýsn Íslendinga er með eindæmum. En sem betur fer eru hér með þessari kynslóð mörg skáld og margir rithöfundar sem með reisu halda á loft hinu farna merki. Einn af gleðiviðburðum liðins árs var það að íslenskur rithöfundur og íslenskt tónskáld voru heiðraðir með listaverðlaunum Norðurlandaráðs. Sú gleði vor stafaði ekki af því að vér þyrftum að láta útlendinga segja oss frá ágæti þessara listamanna. Oss var kunnugt um það áður - eða var það ekki? Hún stafaði af því að vér erum stolt af hverjum sigri íslenskra afreksmanna og viljum að heimurinn taki eftir honum. Á sama hátt fylgdist þjóðin af óskiptum áhuga og aðdáun með sigurför íslenskra skákmeistarara á árinu sem leið og einnig því að íslenskur jarðvísindamaður tók við afreksmerki sem aðeins er veitt örsjaldan og þá fyrir frábæra verðleika.

Fleira mætti telja en vér leyfum oss að líta á allt þetta sem staðfestingu á trú vorri á mátt íslenskrar nútímamenningar. En þá vaknar sú spurning hvort vér hlúum nógu vel að þeim sem undir merkjum standa. Um slíkt kunna að vera skiptar skoðanir, en þó hygg ég að nokkuð skorti á að listamönnum séu búin þau skilyrði sem væru í samræmi við mikilvægan þátt þeirra í viðleitni vorri til að vera menningarþjóð. Þó kann þetta að vera nokkuð misjafnt eftir listgreinum. En dæmi má taka. Skáld og rithöfundar hafa löngum verið taldir fremstu merkisberar íslenskrar menningar, gæslumenn og ræktendur hins farna arfs og upphaldsmenn tungunnar, sem er og verður hin dýrsta þjóðlega eign vor. Aldrei hefur þótt ábatasamt að fást við skáldskap og ritstörf á Íslandi og það er það ekki enn. Vér verðum að gera oss ljóst að hér á samfélagið að koma myndarlega til liðs. Meira þarf að gera en gert hefur verið. Ef til vill skortir hér ekki vilja heldur miklu fremur hugmyndaauðgi til að finna þær leiðir sem helst skyldi fara.

Máli mínu er nú senn lokið og hef ég þó ekki minnst á það fjölgreinda svið menningarinnar, sem einu nafni má kalla félagsmenningu og löngum kemur mestu róti á hugina. Það er viðurkennt markmið vor allra að hér skuli ríkja þjóðfélagslegt réttlæti, það er tiltölulegur jöfnuður manna í milli, að einskis hlutur sé fyrir borð borinn, að allir eigi rétt til sæmandi hlutar af sameiginlegum aflaforða þjóðarinnar, hvort heldur hann er í fullu fjöri eða hann bagar elli, sjúkleiki eða örkuml. Í þessu efni hljótum vér að sækja fram til félagslegrar samhjálpars eins og best er hjá grannþjóðum vorum og gæta þess að öldurót verðbólguhlífisins beri oss ekki af leið. Ef til vill er þetta brýnast af öllu, þegar vér nú lítum fram á leið í þeirri von að félagsleg menning megi vaxa og vel hafast á komandi tíð.

Góðir landsmenn. Ég þakka yður fyrir samfylgdina á liðnu ári. Ég ber fram persónulegar þakkir mínar fyrir traust og hlýhug sem ég hef notið af hálfu fjölmargra manna. Allt slíkt er mér styrkur og uppörvun og kemur mér vel. Ég óska yður öllum árs og friðar. Ég veit að kveðja mín sækir misjafnt að. Hún heyrir í mörgu hamingjuhúsi en einnig í sorgarranni. Hún heyrir þar sem menn njóta samvistar gláðir og hraustir, en einnig þar sem sjúkir og aldurhagnir búa við meiri einsemd en gott er manni og þeir mundu sjálfir kjósa. Ég sendi yður öllum kveðju mína. Sérstaka kveðju sendi ég sjómönnum á hafi úti, svo og öllum þeim sem þennan dag eins og aðra daga ganga til skyldustarfa sinna sem gegna verður ef

nokkur helgi og nokkur hátíð á að geta ríkt í borg eða bæ. Megi þetta ár verða oss  
öllum gott og farsælt.  
Gleðilegt nýjár.